



## Árgangur

8. 9. og 10. bekkur.

## Inntak

Að loknum áfanga skulu allir nemendur hafa góð tök á undirstöðuatriðum í skák og þekkja helstu skákmenn. Nemendur skulu þekkja skáklífið á Íslandi og vera tilbúnir til að taka þátt í opinberum skákmótum og geta teflt á netinu og við tölvur.

## Kennsluskipan

Tvær kennslustundir (80 mínútur) á viku. Farið verður yfir uppbyggingu skákar, þ.e. byrjun, miðtafl og endatafl. Töluvert verður um að nemendur tefli við hvorn annan í tímum til að þessi skilningur náist. Farið verður gróflega í skáksöguna, byrjað við upphaf skáklistarinnar og sagan svo rakin til dagsins í dag. Nemendum verður kennt að tefla á netinu og hvernig megi tefla við tölvuforrit. Mikið verður lagt upp úr mikilvægi líkamlegs þols fyrir skákmenn og nemendum gert ljóst að til að geta beitt huga sínum og haldið einbeitingu lengi, er nauðsynlegt að vera í góðu líkamlegu formi. Engin sérstök kennslubók verður notuð. Kennslugögn verða glósur, DVD, fyrirlestrar kennara, skákforrit og netið.

## Námsmat

Virkni, skrifleg próf, kunnátta í net-og tölvuskák og framfarir.